

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 1/2019

2020/EES/48/01

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1136 frá 10. ágúst 2018 um áhættumildun, styrktar ráðstafanir vegna smitvarna og snemmgreiningarkerfi í tengslum við áhættu sem stafar af því að veira alvarlegrar fuglainflúensu berist úr villtum fuglum í alifugla ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og segir í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 49. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/662) í hluta 3.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„50. **32018 D 1136:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1136 frá 10. ágúst 2018 um áhættumildun, styrktar ráðstafanir vegna smitvarna og snemmgreiningarkerfi í tengslum við áhættu sem stafar af því að veira alvarlegrar fuglainflúensu berist úr villtum fuglum í alifugla (Stjútíð. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 48).

Þessi lagagerð tekur ekki gildi að því er Ísland varðar.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1136, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 205, 14.8.2018, bls. 48.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.